

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Vallargata 7-11, breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 22. ágúst 2023 deiliskipulagstillögu samkvæmt uppdráttum JeES arkitekta ehf., dags. 28. apríl 2023.

Markmið deiliskipulagstillögunnar er að skapa nýtt heildstætt umhverfi íbúðarhúsa í nánd við elsta hluta Reykjanesbæjar með sameiningu lóðanna Vallargötu 9, 9a og 11 fyrir samsett fjölbýlishús með bílakjallara, færa eldri hluta íbúðarhússins á Vallargötu 9 á lóðina Vallargötu 7 og styrkja Klapparstíg með göngutengingu frá Kirkjuvegi niður að Hafnargötu. Auk þess verða gerðar minniháttar breytingar á gildandi deiliskipulagi á lóðunum Kirkjuvegi 8 og Klapparstíg 11, sem felast í breytingu á fyrirkomulagi húsanna innan lóðar til að skapa samræmi og heildstæða ásynd húsbygginga innan skipulagssvæðisins. Lóðirnar Vallargata 9, 9a og 11 verða sameinaðar í Vallargötu 9. Heimilt verður að byggja fjölbýlishús að hámarki tvær hæðir og ris með allt að 36 íbúðum, 45-75 m² að stærð. Bílakjallari er undir hluta lóðar.

Um skilyrtan gildistíma deiliskipulags: Að flatarmáli skal a.m.k. 50% bygginga á öllum lóðum innan skipulagsmarka hafa náð fokheldisstigi innan 3 ára og innan 5 ára verði byggingar á öllum lóðum innan skipulagsmarka fullgerðar að utan, lóð jöfnuð í rétta hæð, rykbundin og gróðri komið fyrir, svo og gengið frá mörkum við aðrar lóðir, götur og/eða opin svæði. Standist framvinda uppbyggingar ekki tímamörk samkvæmt úttekt byggingarfulltrúa hafa skipulagsyfirvöld heimild til að fella deiliskipulagið úr gildi. Tímamörk miðast við lokaafgreiðslu sveitarfélagsins á deiliskipulagi. Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Reykjanesbæ, 16. febrúar 2024.

Kjartan M. Kjartansson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 1. mars 2024